

# **Stjórnarfundur FEB nr. 490, þriðjudagur 05.12.2023 kl. 13:30 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík**

**Mættir:** Ingibjörg Sverrisdóttir, Árni Gunnarsson, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir og Viðar Eggertsson

**Fjarverandi:** Gunnar Magnússon, Ingibjörg Óskarsdóttir, Kári Jónasson, Kolbrún Stefánsdóttir og Stefanía Valgeirsdóttir

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

1. Stjórnarfundargerð nr. 489 var undirrituð og samþykkt.
2. Formaður FEB, sem er fulltrúi stofnaðila LA, hafði samband við leigjendur í Vatnsholti og bað um nöfn í fulltrúaráð. Fulltrúar eru eftirfarandi og mun tilkynning um þá verða send til HMS:

Ásrún Reynisdóttir

Halla B. Guðjónsdóttir

Jóhanna Magnúsdóttir

Kristján E. Guðmundsson

3. Creditinfo hefur boðið FEB til sölu fjölmíðlaskýrslu um félagið. Stjórn ákvað að kaupa ekki skýrsluna.
4. Ráðgjafafyrirtækið Expectus er að vinna að stefnumótun í þjónustu við eldra fólk fyrir Velferðasvið Reykjavíkurborgar. Vinnufundur verður haldinn 11.12. næst komandi og er óskað eftir að fulltrúar frá FEB sæki þann fund. Öllum fulltrúum FEB í öldungaráði hefur verið boðið og auk þess mun framkvæmdastjóri og einn stjórarmaður a.m.k. sækja fundinn.
5. FEB byggði Hólaberg 84. Á þeim íbúðum hvíla kvaðir um að söluverð sé framreiknað kostnaðarverð. FEB hefur fyrsta forkaupsrétt á íbúðum og Reykjavíkurborg/Félagsbústaðir hafa síðan forkaupsrétt á eftir FEB. FEB hefur ekki nýtt sinn forkaupsrétt og nú þegar eiga Félagsbústaðir 13 íbúðir þó svo að í sérskilmálum sem hvíla á íbúðum segir að þeim sé einungis heimilt að eiga 20% af íbúðum sem eru að hámarki 10 íbúðir í húsinu öllu.  
Nú er íbúð til sölu og hefur FEB gefið frá sér sinn forkaupsrétt. Félagsbústaðir hafa farið fram á að verða kaupendur og nýta sinn forkaupsrétt. Því hafnar stjórn FEB í ljósi þess að fjöldi íbúða í eigu Félagsbústaða er yfir því hámarki sem sérskilmálar kveða á um að þeir megi eiga.
6. Umræðum um húsnæðisnefnd var frestað.

7. Ákveðið hefur verið að endurnýja húsgögn í sal FEB.
8. Aðalfundur félagsins verður haldinn 21.febrúar næst komandi. Ákveða þarf hverjir verða í uppstillingarnefnd.

Formaður mun leita til þeirra sem hafa undanfarin ár sinnt því hlutverki.

9. Önnur mál
  - a. Framkvæmdastjóri fór yfir allt það sem hefur verið í gangi hjá félaginu umfram hefðbundna dagskrá. Auðsætt er starfsemin er lífleg og mikill sveigjanleiki hjá starfsfólk i að bæta við og nýta salinn okkar í alls konar viðburði og skemmtileg mannamót. Gaman að sjá hve vel viðburðir eru sóttir.
  - b. Það virðist nokkuð augljóst að lítið muni bera á kjarabótum fyrir eldri borgara á komandi mánuðum.

Í tilgangi H.S. var innskrift.

Sigrún Ólafsdóttir

R. Ólafsson